

**5. fundur Starfhóps um uppbyggingu á Fjöliðjunni vinnu- og hæfingarstaðs,
haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
20. september 2021 og hófst hann kl. 15:45.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Einar Brandsson bæjarfulltrúi, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Emma Rakel Björnsdóttir fulltrúi.

Fundargerð ritaði: Svala Hreinsdóttir, Starfshópur um uppbyggingu Fjöliðjunar vinnu- og hæfingarstað.

Fyrir tekið:

1. 2106089 - Fjöliðjan uppbygging á húsnæði - starfshópur

Starfshópur um uppbyggingu Fjöliðjunnar vinnu- og hæfingarstaðar vísaði til kynningar í Notendaráði núverandi grunnmynd að aðaluppdrætti að uppbyggingu Fjöliðjunnar.

Notendaráð fjallaði um grunnmyndina á 10. fundi sínum þann 13. september 2021. Bókun ráðsins var eftirfarandi:

Notendaráð gerir ekki athugasemdir við innra skipulag hússins. Notendaráð leggur hins vegar áherslu á að gengið verði frá lóðasamningum áður en til útboðs kemur þannig að tryggja megi örugga umferð flutningabíla til og frá húsinu og nægjanlega fjöld bílastæða fyrir starfseminna.

Notendaráð hvetur til samstöðu um þetta nauðsynlega verkefni svo framkvæmd verkefnisins teyfist ekki meir en þegar er orðið.

Fundinn sat einnig Alfreð Alfreðsson rekstrarstjóri áhaldna og umsjónarmaður fasteigns.

Umsögn Notendaráðs lög fram til kynningar.

Starfshópurinn þakkar Notendaráði fyrir þeirra umsöng.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:15.